

8. fundur hreppsnefndar Árneshrepps, haldinn miðvikudaginn 21. október 2020 kl. 14:00, á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Guðlaugur A. Ágússston Steinstúni, Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Björn Torfason Melum 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Endurnýjun á samningi varðandi rekstur Kaffi Norðurfjarðar og fleira varðandi kaffihúsið.
2. Hönnun á svæði Norðurfjarðarhafnar. Sótt hefur verið um styrk til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða til hönnunar á aðstöðu við höfnina.
3. Hafnadeild Vegagerðarinnar vegna varnargarðs, umsókn um greiðslur frá ríkinu. Komið jákvætt svar. Framkvæmdaleyfi tekið til umfjöllunar.
4. Fjármagn úr styrkvegasjóði. Farið yfir kostnað vegna sveitarveganna, búið að skrifa Vegagerðinni vegna málsins, ca. 700.000,- eftir af úthlutun þessa árs.
5. Fjárhagsáætlun næsta árs og næstu ára. Lista upp hvað þarf að gera o.s.frv. Fyrri og seinni umræða fara svo fram samkvæmt venju undir lok árs.
6. Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, framhald frá síðasta fundi. Svarbréf frá Árneshreppi.
7. Reglur um byggðakvóta og úthlutun fyrir fiskveiðiárið 2020-2021.

1. Endurnýjun á samningi varðandi rekstur Kaffi Norðurfjarðar. Nokkrum atriðum varðandi viðhald verður breytt, leiguupphæð hækkuð samkvæmt samkomulagi. Kostnaður vegna endurnýju raftækja fer inn á fjárhagsáætlun næsta árs.

2. Hönnun á svæði Norðurfjarðarhafnar. Ýmislegt hefur verið gert til að auka öryggi við höfnina og öll ljós er nú í lagi. Vonast er eftir því að fá fjármagn til að hanna umhverfi hafnarinnar á næsta ári.

3. Hafnadeild Vegagerðarinnar vegna varnargarðs, umsókn um greiðslu frá ríkinu. Vegagerðin hefur samþykkt að koma að verkinu. Framkvæmdaleyfi til verksins var tekin fyrir á fundi skipulagsnefndar Árneshrepps mánudaginn 19. október 2020 sem eina mál fundarins.

„Vegagerðin – umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir byggingu grjótvarnar í Norðurfjarðarhöfn. Fyrir liggur umsókn frá Vegagerðinni dags. 12. október 2020 til Árneshrepps um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr 123/2010 og reglugerðar nr. 772/2012 við gerð grjótvarnar í Norðurfjarðarhöfn.

231,

Með vísan til framangreinds leggur skipulagsnefnd til að sveitarstjórn samþykki veitingu framkvæmdaleyfis fyrir gerð grjótvarnar í Norðurfjarðarhöfn og feli skipulagsfulltrúa að auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi og gefa út framkvæmdaleyfi“.

Hreppsnefnd Árneshrepps tók málið fyrir og veitir framkvæmdaleyfi og samþykkir fundargerð skipulagsnefndar svohljóðandi;

Vegagerðin – umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir byggingu grjótvarnar í Norðurfjarðarhöfn. Fyrir liggur umsókn frá Vegagerðinni dags. 12. október 2020 til Árneshrepps um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr 123/2010 og reglugerðar nr. 772/2012

við gerð grjótvarnar í Norðurfjarðarhöfn.

Með vísan til framangreinds leggur hreppsnefnd til veitingu framkvæmdaleyfis fyrir gerð grjótvarnar í Norðurfjarðarhöfn og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 10.gr.reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdarleyfi og gefa út framkvæmdaleyfi.

4.Fjármagn úr styrkvegaskjóði. Beðið er eftir að fá svör frá Vegagerðinni um að fá flutt á reikninga hreppsins það styrkvegafjármagn sem eftir á að nýta á þessu ári.

5. Fjárhagsáætlun næsta árs og næstu ára. Ýmislegt var nefnt, s.s. að finna eitthvert hlutverk fyrir bílskúrin við skólann, að kaupa hlut í hitaveitu frá Krossnesi, hugsanlega varmadælu í skólann og samkomuhúsið, ákveðið að fá rafvirkja í endurnýjun á rafmagni í verslunarrýminu. Einnig þarf að reikna með kostnaði vegna 1.hluta þrífösunar og ljósleiðaravæðingar inn í hreppinn.

6. Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, framhald frá síðasta. Svarbréf og fleira tekið fyrir.

7. Reglur um byggðakvóta og úthlutun fyrir fiskveiðiárið 2020-2021. Oddviti mun senda inn umsókn um meiri kvóta en sveitarfélaginu var úthlutað á síðasta fiskveiðiári.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:50.